

# MANNRÉTTINDASKÝRSLA UM ÍSLAND ÁRIÐ 2019

## SAMANTEKT

Á Íslandi er stjórnarskrárbundið lýðveldi. Forsetinn er þjóðhöfðingi og forsætisráðherra, sem er venjulega formaður stærsta stjórn málaflokksins, er leiðtogi ríkisstjórnarinnar. Þjóðþingið starfar í einni deild (Alþingi). Árið 2016 kaus þjóðin Guðna Th. Jóhannesson forseta í frjálsum og réttmætum kosningum. Þingkosningarnar árið 2017 töldust jafnframt frjálsar og réttmætar.

Lögregluþyrifvöld tryggja öryggi innanlands. Auk þess sinnir Landhelgisgæsla Íslands (LHG) almennri löggæslu á sjó. Dómsmálaráðuneytið fer með málefni lögregluþyrifvalda, lögregluumdæmanna níu og Landhelgisgæslunnar. Enginn her er í landinu. Yfirvöld höfðu skilvirkt eftirlit með lögreglunni og Landhelgisgæslunni.

Ekki bárust tilkynningar um alvarleg mannréttindabrot.

Ekki bárust tilkynningar um að opinberir starfsmenn í öryggissveitum eða á öðrum sviðum hins opinbera brytu á mannréttindum einstaklinga. Á árinu bárust ekki tilkynningar um að öryggissveitir væru undanþegnar refsiaþbyrgð. Stjórnvöld eru með skilvirk úrræði til að rannsaka og hegna fyrir misferli og spillingu.

### **1. kafli. Virðing fyrir friðhelgi einstaklingsins, þar með talið vernd gegn:**

#### **a. Sviptingu lífs að geðþótta og öðru lífláti sem er ólöglegt eða af pólitískum orsökum**

Ekki bárust tilkynningar um að stjórnvöld eða fulltrúar þeirra líflétu fólk að geðþótta eða með ólöglegum hætti.

#### **b. Hvarfi**

Ekki bárust tilkynningar um hvarf einstaklinga af völdum eða fyrir hönd stjórnvalda.

### c. Pyntingum og annarri grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu

Stjórnarskráin og landslög banna slíkar aðgerðir og engar tilkynningar voru um að opinberir starfsmenn beittu þeim.

### Aðstæður í fangelsum og gæsluvarðhaldi

Ekki bárust alvarlegar tilkynningar um athugunarefni hvað varðar mannréttindi í fangelsum eða gæsluvarðhaldi.

Skilyrði: Körlum og konum var haldið í aðskildum klefaálmum í fangelsunum á Akureyri og í Reykjavík. Sérstök kvennaálma var í fangelsinu á Hólmsheiði (í Reykjavík) en vinnusvæði voru sameiginleg. Kvenkyns föngum var heimilt að afplána dóma í opnum fangelsum með karlmönnum ef þær óskuðu eftir því. Landslög kveða á um að stjórnvöld verði að vista unga afbrotamenn á stofnunum á vegum Barnaverndarstofu nema sérstakar ástæður liggi til grundvallar því að þeir afpláni í fangelsi.

Stjórnun: Yfirvöld rannsökuðu trúverðugar ásakanir um illa meðferð með tilhlýðilegum hætti.

Óháð eftirlit: Stjórnvöld heimiluðu eftirlit með aðstæðum í fangelsum á vegum óháðra staðbundinna og alþjóðlegra mannréttindasamtaka, fjölmiðla, Alþjóðaráðs Rauða krossins og annarra alþjóðlegra aðila. Á árinu gerði Evrópunefnd Evrópuráðsins um forvarnir gegn pyntingum úttekt á fjórum íslenskum fangelsum.

### d. Handtöku eða gæsluvarðhaldi að geðþótta

Stjórnarskrá og landslög banna handtöku og gæsluvarðhald að geðþótta og tryggja réttindi allra einstaklinga til að véfengja lögmati handtöku sinnar eða gæsluvarðhalds fyrir dómstólum, en stjórnvöld hafa almennt reynst uppfylla skilyrðin sem liggja til grundvallar slíkum aðgerðum.

## Málsmeðferðarreglur við handtöku og meðferð gæslufanga

Lögreglu er heimilt að handtaka einstaklinga þegar hún telur að saknæmt brot hafi verið framið, þegar hún greinir þörf á að koma í veg fyrir frekari brot eða eyðingu sönnunargagna, þegar vernda þarf grunaðan einstakling eða þegar einstaklingur neitar að fylgja tilmælum lögreglu um að færa sig úr stað. Lögin gera aðeins skýra kröfu um handtökuheimildir fyrir einstaklinga sem mæta ekki fyrir dómstóla til skýrslutöku eða réttarhalda eða í fangelsi til að afplána dóm.

Yfirvöld verða umsvifalaust að upplýsa einstakling sem er handtekinn um réttindi sín og leiða viðkomandi fyrir dómara innan sólarhrings frá handtöku, og hafa yfirvöld virt þau réttindi.

Ekkert kerfi um greiðslu tryggingafjár er til staðar. Dómari ákvarðar hvort grunuðum einstaklingi verði haldið í gæsluvarðhaldi á meðan rannsókn máls fer fram. Dómari kann að veita reynslulausn, allt eftir því hversu tryggt þykir að sakborningur mæti til réttarhaldanna. Lögin tilgreina að gæslufangar eigi rétt á lögfræðiaðstoð við komu á lögreglustöð og býður hið opinbera upp á að útvega slíka aðstoð fyrir efnalitla einstaklinga. Ekki bárust tilkynningar um að yfirvöld héldu grunuðum einstaklingum í einangrun eða í stofufangelsi.

### e. Hindrunum fyrir réttlátri og opinni málsmeðferð

Í stjórnarskránni og landslögum eru ákvæði um óháð dómsvald og almennt virtu stjórnvöld sjálfstæði og óhlutdrægni dómskerfisins.

### Málsmeðferðarreglur við réttarhöld

Í stjórnarskránni og landslögum eru ákvæði um réttindi til réttlátrar og opinnar málsmeðferðar og almennt virti sjálfstætt dómsvald þau réttindi. Stefndir einstaklingar eru taldir saklausir fyrir lögum uns sekt er sönnuð. Yfirvöld verða að upplýsa viðkomandi um sakargiftir með skjótum og nákvæmum hætti. Réttarhöld fóru fram án ótilhlýðilegra tafa. Réttarhöld eru yfirleitt opin en dómara kunna að loka þeim að beiðni þess stefnda eða þegar ólögráða börn koma við sögu. Sakborningar hafa heimild til að vera viðstaddir réttarhöldin og hafa aðgang að lögfræðiaðstoð að eigin vali. Stjórnvöld standa straum af lögfræðikostnaði fyrir efnalitla sakborninga, en lögin gera ráð fyrir endurgreiðslu þess kostnaðar hjá sakborningum sem eru síðar sakfelldir. Sakborningar eiga rétt á fullnægjandi tíma og aðstöðu til að undirbúa málsvörn sína og geta notfært sér gjaldfrjálsa þjónustu

túlks ef þeir skilja ekki eða tala ekki íslensku. Sakborningar geta rætt við vitni ákærvaldsins eða stefnanda og lagt fram eigin vitni og sönnunargögn. Dómstólar hafa ákvörðunarvald um hvort ákærvaldið megi leggja fram sönnunargögn sem lögreglan aflaði með ólögumætum hætti. Sakborningar og nánustu aðstandendur þeirra eiga rétt á að vera ekki þvingaðir til að bera vitni eða játa sekt sína.

Sakborningar eiga rétt til áfrýjunar fyrir nýju áfrýjunardómstigi (Landsrétti), sem tók til starfa í ársbyrjun 2018. Í flestum tilfellum er úrskurður Landsréttar endanleg ákvörðun en þó er mögulegt að skjóta tilteknum málum til lokaáfrýjunar fyrir Hæstarétti.

## **Pólitískir fangar**

Ekki bærust tilkynningar um pólitíska fanga.

## **Málsmeðferð og úrræði fyrir almennum dómstólum**

Einstaklingar geta sóst eftir skaðabótum vegna mannréttindabrota, eða farið fram á stöðvun slíkra brota, fyrir héraðsdómstólum. Úrskurðum vegna meintra brota stjórnvalda á mannréttindasáttmála Evrópu er hægt að áfrýja til Mannréttindadómstóls Evrópu. Einnig eru til staðar stjórnsýsluúrræði vegna meintra misgjörða.

## **f. Ólögleg röskun eða geðþóttaröskun á einkalífi, fjölskyldulífi, heimili eða bréfaskriftum**

Stjórnarskráin og lögin banna slíkar athafnir og engar tilkynningar bærust um að stjórnvöld gerðust sek um slíkt.

Innflytjendalöggjöf gerir yfirvöldum kleift að framkvæma húsleit án fyrirbyggjandi dómsúrskurðar þegar umtalsverð hættu er á því að tafir myndu stofna rannsókn á broti gegn innflytjendalögum í hættu. Innflytjendalöggjöf gerir yfirvöldum einnig kleift að óska eftir DNA-prófum án aðkomu dómstóla ef grunur liggur á broti gegn innflytjendalögum.

## **2. kafli. Virðing fyrir borgaralegum réttindum, þar með talið:**

## a. Tjáningarfrelsi, líka fyrir fjölmiðla

Í stjórnarskrá og landslögum eru ákvæði um tjáningarfrelsi, líka fyrir fjölmiðla, og stjórnvöld virtu þau réttindi almennt. Í sameiningu stuðla óháðir fjölmiðlar, skilvirkt dómskerfi og virkt lýðræðislegt stjórnmálakerfi að eflingu tjáningarfrelsis, líka fyrir fjölmiðla.

Tjáningarfrelsi: Samkvæmt lögum getur það varðað sektum og fangelsi í allt að tvö ár ef einstaklingur „opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út.“

Fréttamiðlar og fjölmiðlar, þar á meðal netmiðlar: Óháðir miðlar voru virkir og tjáðu fjölbreyttar skoðanir án takmarkana.

## Internetfrelsi

Stjórnvöld hvorki takmörkuðu né trufluðu aðgengi að internetinu eða ritskoðuðu efni á vefnum og engar áreiðanlegar tilkynningar bárust um að stjórnvöld fylgdust með einkasamskiptum á netinu án tilhlýðilegrar lagaheimildar. Stjórnvöld hafa innleitt almenna persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins í landslög.

## Frelsi fræðafólks og menningarviðburðir

Stjórnvöld settu engar takmarkanir á frelsi fræðafólks eða menningarviðburði.

## b. Réttur til að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum

Í stjórnarskrá og landslögum eru ákvæði um réttindi til að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum og stjórnvöld virtu þau réttindi.

## c. Trúfrelsi

Sjá skýrsluna „*International Religious Freedom Report*“ frá utanríkisráðuneytinu á <https://www.state.gov/religiousfreedomreport/>.

#### d. Ferðafrelsi

Stjórnarskráin kveður á um ferðafrelsi innanlands, frelsi til ferðalaga erlendis, flutnings úr landi og heimsendingar flóttamanna, og stjórnvöld virtu almennt þau réttindi.

#### e. Vegalaust fólk innan eigin lands

Á ekki við.

#### f. Vernd flóttafólks

Aðgangur að hæli: Lögin kveða á um að hægt sé að veita einstaklingum réttarstöðu hælisleitenda eða flóttafólks og stjórnvöld hafa komið á fót kerfi sem veitir flóttafólki vernd.

Lögin heimila Útlendingastofnun að setja mál í flýtimeðferð ef þau teljast „bersýnilega tilhæfulaus“. Óháð stjórnsýslunefnd, kæruneftnd útlendingamála, úrskurðaði í málum um hælisumsóknir sem Útlendingastofnun hafnaði.

Öruggt upprunaland/gegnumferðarland: Landið fylgir Dyflinnarreglugerðinni sem heimilar að senda hælisleitendur aftur til þess Evrópusambandsríkis sem telst bera ábyrgð á hælisumsókn viðkomandi. Landið sendi hælisleitendur ekki aftur til Evrópusambandsríkjanna Grikklands og Ungverjalands nema þeir hefðu þegar hlotið vernd í þessum löndum. Í ákveðnum tilfellum voru hælisleitendur í viðkvæmri stöðu ekki sendir aftur til Ítalíu eða Grikklands.

Varanlegar lausnir: Stjórnvöld tóku á móti kvótaflóttamönnum og veittu stuðning fyrir samfélagslega aðlögun þeirra. Í október 2018 tilkynnti ríkisstjórnin að tekið yrði á móti 75 kvótaflóttamönnum á árinu 2019. Flestir þeirra voru sýrlenskir, en auk þessu voru hinsegin, trans og intersex flóttamenn og fjölskyldur þeirra frá flóttamannabúðum í Kenía. Í ágúst hafði verið tekið á móti 49 flóttamönnum, sem allir voru sýrlenskir. Ríkisstjórnin samdi einnig við þrjú sveitarfélög um að taka á móti 25 hinsegin, trans og intersex kvótaflóttamönnum úr flóttamannabúðum í Kenía. Þetta voru einstaklingar frá Úganda, Súdan, Simbabve og öðrum ríkjum Mið-Afríku. Í október var allur hópurinn kominn til Íslands og var farinn að þiggja þjónustu.

Tímabundin vernd: Á árinu veittu stjórnvöld einstaklingum sem teljast mögulega ekki flóttafólk bráðabirgðavernd. 15. október höfðu 114 einstaklingar fengið viðbótarvernd og tólf aðrir fengið vernd af mannúðarástæðum.

### **g. Ríkisfangslausir einstaklingar**

Á ekki við.

### **3. kafli. Réttur til að taka þátt í stjórn málaferli**

Stjórnarskráin og landslög kveða á um að ríkisborgarar megi kjósa sér ríkisstjórn í reglubundnum, frjálsum og réttmætum kosningum, með leynilegri atkvæðisgreiðslu og almennum og jöfnum kosningarétti.

### **Kosninga- og stjórnmalapátttaka**

Nýlegar kosningar: Árið 2016 kaus þjóðin nýjan forseta í kosningum sem töldust frjálsar og réttmætar. Sökum þess að ríkisstjórnarsamstarfi var slitið í september 2017 fóru fram þingkosningar í október 2017. Þær töldust jafnframt frjálsar og réttmætar.

Þátttaka kvenna og minnihlutahópa: Engin lög takmarka þátttöku kvenna eða minnihlutahópa í stjórn málaferli og þessir hópar tóku þátt.

### **4. kafli. Spilling og skortur á gagnsæi hjá stjórnvöldum**

Lögin kveða á um refsiviðurlög við spillingu opinberra starfsmanna og stjórnvöld framfylgdu þeim lögum. Ekki bærust tilkynningar um spillingu hjá stjórnvöldum á árinu.

Skráning á fjárhagslegum hagsmunum: Fæstum opinberum starfsmönnum er skylt samkvæmt lögum að gefa opinberlega upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína, en flestir kjósa að gera það. Lögin kveða á um að alþingismenn og ráðherrar sem ekki eiga sæti á þingi gefi upp fjárhagslega hagsmuni sína opinberlega á vefsvæði Alþingis og uppfæri þá skráningu innan eins mánaðar frá því að nýjar upplýsingar berast. Frá og með 8. ágúst hafa allir 63 þingmenn Alþingis sem kosnir voru árið 2017 skráð fjárhagslega hagsmuni sína á netinu. Samkvæmt reglum frá forsætisnefnd Alþingis er öllum aðstoðarmönnum ráðherra og ráðuneytisstjórnum

skylt að skrá fjárhagslega hagsmuni sína. Í ágúst höfðu öll þau sem er skylt að gera það skráð fjárhagslega hagsmuni sína og birt á netinu. Ekki eru neinar refsingar eða stjórnsýsluviðurlög ef reglunum er ekki fylgt.

## 5. kafli. Afstaða stjórnvalda til rannsókna alþjóðasamtaka og frjálsra félagasamtaka á meintum mannréttindabrotum

Fjöldi innlendra og alþjóðlegra mannréttindahópa starfaði án takmarkana af hálfu stjórnvalda, kannaði mál tengd mannréttindum og birti niðurstöður sínar. Opinberir starfsmenn sýndu samstarfsvilja og voru móttækilegir fyrir afstöðu hópanna.

Mannréttindaúrræði á vegum stjórnvalda: Umboðsmaður Alþingis er kosinn af þinginu til fjögurra ára í senn og tryggir rétt borgara til að hljóta jafna og hlutlausa meðferð í samskiptum sínum við opinber yfirvöld. Umboðsmaður er aðili að valfrjálsri bókun við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum og sinnir reglubundnum heimsóknum í fangelsi og geðsjúkrahús. Fyrsta vettvangsrannsókn umboðsmanns fór fram í október 2018. Í störfum sínum er umboðsmaður óháður öllum lögbærum stjórnvöldum, þar á meðal Alþingi. Þrátt fyrir að tilmæli umboðsmanns Alþingis séu ekki bindandi fyrir stjórnvöld hafa þau venjulega innleitt þau.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fer með málefni tengd mannréttindum í landinu. Nefndin var almennt talin sinna störfum sínum sem skyldi.

## 6. kafli. Mismunun, félagsleg misbeiting og mansal

### Konur

Nauðganir og heimilisofbeldi: Hámarksrefsing fyrir nauðgun er 16 ára fangelsisdómur. Dómarar dæmdu yfirleitt refsingu sem nemur tveimur til þremur árum. Lögin fjalla ekki sérstaklega um nauðgun af hálfu maka.

Lögin refsivæða heimilisofbeldi sérstaklega og er hámarksrefsing 16 ára fangelsisdómur.

Polendur heimilisofbeldis geta óskað eftir því að lögreglan fjarlægji geranda af heimilinu í allt að fjórar vikur í senn. Lögreglan getur jafnframt lagt á 72



klukkustunda nálgunarbann til að koma í veg fyrir að gerendur nálgist fórnarlambið og dómstólar geta framlengt slíkt nálgunarbann í allt að eitt ár. Lögin veita þolendum kynferðisglæpa rétt á lögfræðingi til að upplýsa þá um réttindi sín og aðstoða við að leggja fram kæru gegn meintum árásarmanni. Árið 2017 leituðu um það bil 117 konur og 65 börn skjóls í Kvænnaathvarfinu, aðallega vegna heimilisofbeldis.

Samkvæmt verklagsreglum lögreglu um viðbrögð við heimilisofbeldi skulu lögreglumenn fara á vettvang. Ef lögreglumenn sem koma á staðinn fá ekki aðgang að heimilinu og þeir hafa rökstuddan grun um að líf einstaklings þar inni sé í hættu er þeim heimilt að beita afli til að komast inn. Ef barn er á heimilinu þarf að kalla til starfsmann barnaverndar. Allir viðstaddir eru yfirheyrðir og málið skráð í gagnagrunn lögreglu. Ef tilefni þykir til geta lögreglumenn handtekið gerandann á staðnum, aðstoðað brotþola við að leita sér lækniástoðar og leiðbeint honum um lagaúrræði. Brotþoli getur farið fram á tímabundið nálgunarbann gegn gerandanum. Í sumum tilvikum getur lögreglan, barnavernd eða fjölskylda brotþola farið fram á nálgunarbannið. Ef lögreglan telur að brotþoli sé í hættu þrátt fyrir nálgunarbann fær brotþoli neyðarhnapp.

Stjórnvöld aðstoðuðu við fjármögnun Kvænnaathvarfsins, Stígamóta, neyðarmóttöku Landspítala fyrir þolendur kynferðisofbeldis og annarra samtaka sem aðstoða þolendur heimilisofbeldis eða kynbundins ofbeldis. Þessir aðilar veita þjónustu án endurgjalds og án tillits til ríkisfangs brotþola. Auk þess aðstoðuðu stjórnvöld kvenkyns innflytjendur í ofbeldissamböndum með því að bjóða fram bráðabirgðahúsnæði, ráðgjöf og upplýsingar um lagaleg réttindi.

Kynferðisleg áreitni: Tvenns konar löggjöf bannar kynferðislega áreitni. Samkvæmt almennum hegningarlögum getur kynferðisleg áreitni varðað allt að tveggja ára fangelsi. Lög um jafna stöðu kvenna og karla skilgreina kynferðislega áreitni með víðari hætti sem hvers konar kynferðislega hegðun sem mismunar eða misbýður virðingu einstaklings, hvort sem hún er líkamleg, orðbundin eða táknræn, og heldur áfram þrátt fyrir að ljóst sé að hegðunin sé í óþökk þess sem fyrir henni verður. Lögin kveða á um að atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka geri sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni. Brot gegn þessum lögum geta varðað sektum en einnig geta alvarlegri brot fallið undir aðra löggjöf.

Þvingun til fólksfækkunar: Ekki bærust tilkynningar um þvingað þungunarrof eða ófrjósemisaðgerðir gegn vilja viðkomandi.

Mismunun: Konur hafa sömu réttarstöðu og karlmenn samkvæmt stjórnarskrá og lögum. Þrátt fyrir að stjórnvöld hafi framfylgt slíkum lögum komu upp tilfelli um mismunun á vinnumarkaði.

## **Börn**

Skráning við fæðingu: Barn hlýtur ríkisborgararétt í landinu ef báðir foreldrar eru ríkisborgarar, ef móðirin er ríkisborgari eða ef faðirinn er ríkisborgari og er giftur erlendri móður. Ef þar af blönduðu þjóðerni var skilið að borði og sæng þegar barnið var getið hlýtur barnið ríkisborgararétt móðurinnar. Ríkisfangslaust barn getur orðið ríkisborgari við þriggja ára aldur. Lögum samkvæmt hafa öll börn aðgang að félagsþjónustu án tillits til ríkisfangs. Ef barn er ekki með lögheimili í landinu, eða býr í landinu án lögráðamanna, annast barnaverndarnefnd viðkomandi sveitarfélags barnið, ef þess er þörf, og gerir ráðstafanir til að tryggja hagsmuni þess. Skráning fæðinga fór skjótt fram.

Barnanið og ofbeldi gegn börnum: Barnanið og ofbeldi gegn börnum er ólöglegt. Lögum samkvæmt er almenningi skylt að gera yfirvöldum viðvart ef grunur vaknar um einhvers konar misnotkun á börnum. Barnaverndarstofa ber ábyrgð á framkvæmd laganna. Barnaverndarstofa starfrækti meðferðarheimili fyrir greiningu og skammtímavistun barna sem höfðu orðið fyrir ofbeldi eða áttu við annan vanda að stríða. Einnig bar hún ábyrgð á einu meðferðarheimili í Reykjavík og tveimur meðferðarheimilum á öðrum stöðum. Barnaverndarstofa samræmdi jafnframt störf 27 nefnda um allt land sem báru ábyrgð á barnaverndarmálum á hverjum stað.

Hinu opinbera er skylt samkvæmt lögum að annast þjónustu fyrir börn, svo sem örugg búsetuúrræði fyrir börn og sérfræðiþjónustu. Stjórnvöld studdu við rekstur Barnahúss, sem hefur það að markmiði að tryggja velferð barna og draga úr sálrænum áföllum þeirra, samræma vernd brotaþola og hraða málsmeðferð vegna kynferðislegrar misnotkunar barna.

Forsætisráðherra skipar umboðsmann barna, sem starfar óháð stjórnvöldum. Þrátt fyrir að tilmæli umboðsmanns barna séu ekki bindandi fyrir stjórnvöld hafa þau venjulega innleitt þau.

Hjónabönd barna og nauðungarhjónabönd: Lágmarksgiftingaraldur er 18 ára fyrir bæði kyn. Ekki bárust tilkynningar um nauðungarhjónabönd á árinu.

Kynferðisleg misneyting barna: Samkvæmt lögum er bannað að greiða eða lofa greiðslu eða annarri þóknun fyrir kynferðislega misneytingu barns sem er yngra en 18 ára í viðskiptaskyni. Brot varða sektum eða allt að tveggja ára fangelsi. Samkvæmt lögum varðar barnaklám allt að tveggja ára fangelsi. Samkvæmt lögum er samræði við einstakling undir lögaldri refsivert og varðar einu til sextán árum í fangelsi. Stjórnvöld framfylgdu þessum lögum.

Löglegur samræðisaldur er 15 ára. Samkvæmt hegningarlögum þarf samþykki af frjálsum vilja fyrir öllum kynferðismökum. Samþykki telst ekki liggja fyrir ef beitt er ofbeldi, hótunum, einhvers konar nauðung eða ef lyf eða áfengi er notað.

Brottnám barna til flutnings milli landa: Landið er aðili að Haag-samningnum frá 1980 um

einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa. Sjá skýrsluna „*Annual Report on International Parental Child Abduction*“ frá utanríkisráðuneytinu á

<https://travel.state.gov/content/travel/en/International-Parental-ChildAbduction/providers/legal-reports-and-data/reported-cases.html>.

## Gyðingaandúð

Áætlað var að á milli 100 og 250 einstaklingar tilheyrðu samfélagi gyðinga á Íslandi. Í fyrsta sinn stóð til að skrá samkunduhús gyðinga sem trúfélag. Ekki bárust tilkynningar um mismunun eða opinbera mótstöðu við skráninguna.

Ekki bárust tilkynningar um mismunun gegn gyðingum eða ofbeldi gegn samfélagi gyðinga. Þrátt fyrir hlýlegar móttökur samfélagsins og ríkisstofnana urðu gyðingar á Íslandi varir við andgyðinglega hatursorðræðu, sem beint var að samfélagi gyðinga á Íslandi, í athugasemdum við samfélagsmiðlafærslu í febrúar um viðburð þar sem gyðingur búsettur á Íslandi hélt fyrirlestur fyrir nemendur við Háskólann í Reykjavík um gyðinglegar hugmyndir um forystuhæfileika og umburðarlyndi. Í september var nokkrum athugasemdum með andgyðinglegri hatursorðræðu bætt við færsluna, en flestar virtust raunar vera frá fólki sem ekki er Íslendingar. Lögreglufirvöldum var ekki tilkynnt um atvikið.

Í júlí og september dreifði lítill hópur nýnasista, sem flestir voru sænskir meðlimir í Norrænu mótstöðuhreyfingunni, áróðri um hvíta kynþáttahyggju. Ekki er vitað hve margir Íslendingar eru meðlimir í Norrænu mótstöðuhreyfingunni en talið er að þeir séu fáir. 5. september var lögregla send á vettvang til að fylgjast með fundi Norrænu mótstöðuhreyfingarinnar í miðbæ Reykjavíkur. Fundurinn vakti almenna andúð og daginn eftir voru haldin mótmæli gegn fundinum, þar sem þátttakendur voru mun fleiri.

## Mansal

Sjá skýrsluna „*Trafficking in Persons Report*“ frá utanríkisráðuneytinu á <https://www.state.gov/trafficking-in-persons-report/>.

## Fólk með fötlun

Mismunun gegn fólki með fötlun er óheimil samkvæmt stjórnarskrá landsins. Löggjöfin kveður á um að fólk með fötlun skuli hafa aðgengi að byggingum, upplýsingum og samskiptaleiðum. Samkvæmt lögum er fólki með fötlun frjálst að ráða eigið aðstoðarfólk og sníða aðstoðina að þörfum sínum. Baráttufólk fyrir réttindum fatlaðra kvartaði yfir því að yfirvöld skyldu ekki hafa innleitt lög og reglugerðir að fullu. Þrátt fyrir að brot gegn þessum reglum geti varðað sektargreiðslu eða fangelsi í allt að tvö ár héldu ein stærstu samtök fatlaðs fólks því fram að yfirvöld úrskurðuðu sjaldan, ef nokkurn tíma, um sektargreiðslur fyrir brot.

## Minnihlutahópar vegna þjóðernis/kynþáttar

Öll mismunun er ólögleg, bæði í samfélaginu og á vinnumarkaði, þar á meðal mismunun á grunni kynþáttar og þjóðernis. Innflytjendur, sér í lagi þeir sem ekki eru frá Vesturlöndum eða koma frá Austur-Evrópu og Eystrasaltslöndunum, sem og hælisleitendur, urðu endrum og eins fyrir áreitni vegna uppruna síns. Á árinu greindu fjölmiðlar frá einu mögulegi tilviki hatursglæps vegna trúar. Í júlí urðu þrjár múslimskar konur fyrir áreiti fyrir utan matvöruverslun í úthverfi Reykjavíkur. Kona hrópaði á þær, hrækti í áttina að þeim og reyndi að hrifsa slæðurnar af þeim. Lögreglu var gert viðvart en kom ekki á staðinn þar sem hlutaðeigandi höfðu yfirgefið vettvanginn. Brotþólararnir gáfu lögreglu skýrslu

daginn eftir en höfðu frekari lagaúrræðum svo málið var látið niður falla af hálfu lögreglufirvalda.

## **Ofbeldi, mismunur og önnur brot vegna kynhneigðar og kynvitundar**

Þrátt fyrir að stjórnarskráin banni ekki með beinum hætti mismunur á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar gerir hún það með óbeinum hætti. Samkvæmt lögum er bannað að neita einstaklingi um vörur eða þjónustu vegna kynhneigðar eða kynvitundar viðkomandi. Einnig er bannað að meina einstaklingi aðgang að opinberum fundarstöðum eða öðru almenningsrými á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar viðkomandi. Enn fremur leggja lög bann við því að vekja hatur gagnvart einstaklingum á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar og útbreiðslu á efni því tengdu.

Baráttufólk fyrir réttindum hinsegin fólks, transfólks og intersex fólks hélt áfram að benda á að lög um hatursglæpi veittu ekki afdráttarlausa vernd fyrir hinsegin fólk, transfólk og intersex fólk á grundvelli kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar eða kyneinkenna.

## **Annað samfélagslegt ofbeldi eða mismunur**

Innflytjendur og hælisleitendur, sér í lagi þeir sem ekki koma frá Vesturlöndum, upplifðu í einhverjum tilfellum áreitni vegna trúarskoðana sinna. Í skýrslu nefndar Evrópuráðsins um kynþáttafordóma og umburðarleysi (ECRI) frá 2017, sem er nýjasta tiltæka skýrslan, er getið „áberandi aukningar á íslamófóbískum ummælum“, þar með talið á samfélagsmiðlum.

## **7. kafli. Réttindi launafólks**

### **a. Félagafrelsi og réttur til almennra kjarasamninga**

Lögin kveða á um réttindi launafólks til að mynda og taka þátt í starfi óháðra stéttarféлага, semja um almenna kjarasamninga og fara í verkfall. Stjórnvöld virtu þessi réttindi. Lögin banna mismunur á grundvelli stéttarfélagspáttöku. Ekki er minnst á það hvort starfsfólk sem er sagt upp vegna stéttarfélagspáttöku eigi að vera endurráðið en kveðið er á um sektargreiðslur atvinnurekenda sem gerast sekir um slíkt. Lögin heimila stjórnvöldum að setja á bráðabirgðalög til að þvinga fram sáttamiðlun þegar verkföll ógna mikilvægum hlutum hagkerfisins.

Nokkrir almennir kjarasamningar runnu út í árslok 2018 og vinnuveitendur og verkalýðsfélög undirrituðu nýja samninga milli janúar og apríl, með milligöngu stjórnvalda eftir því sem þörf krafði. Réttur til almennra kjarasamninga og verkfallsréttur var almennt virtur og ekki bárust tilkynningar um óviðeigandi þrýsting á viðkomandi starfsfólk.

Stjórnvöld framfylgdu þessum lögum. Viðurlög við brotum (skaðabætur og sektir) voru hæfileg til að aftra brotum.

Stjórnvöld og vinnuveitendur virtu félagafrelsi og rétt til almennra kjarasamninga. Almennir kjarasamningar áttu við um næstum því 100 prósent vinnuafls hagkerfisins. Óháðir verktakar í nokkrum atvinnugreinum, sér í lagi í byggingariðnaði og ferðaþjónustu, réðu stundum undirverktaka til að forðast að ráða starfsfólk með sammingsrétt.

## **b. Bann við nauðungarvinnu**

Lögin banna hvers kyns nauðungarvinnu.

Löggæsluyfirvöld og Vinnueftirlitið framfylgdu lögunum. Fullnægjandi fjármagn var veitt til málaflokksins á árinu, en þó var enginn sóttur til saka. Lögin eru hæfilega ströng í samanburði við lög um aðra alvarlega glæpi og viðurlög við brotum voru hæfileg til að draga úr þeim.

Dæmi voru um mansal þar sem karlar og konur voru þvinguð til að starfa í byggingariðnaði, ferðaþjónustu og á veitingastöðum. Erlendir „útsendir starfsmenn“ voru í sérstökum áhættuhópi hvað varðar nauðungarvinnu, þar sem þeim var greitt í heimalandi sínu gegn samningi um að vinna í allt að 183 daga á Íslandi í því skyni að forðast skatta og stéttarfélagsgjöld. Þetta takmarkaði getu skattyfirvalda og fulltrúa stéttarféлага til að fylgjast með vinnuaðstæðum og launum viðkomandi. Í almennum kjarasamningum hafa erlendir starfsmenn sömu réttindi og innlendir. Fulltrúar stéttarféлага gátu þess að þeir sæki mál fyrir hönd launafólks án tillits til þess hvort það hafi greitt stéttarfélagsgjöld. Einnig voru dæmi um mansal þar sem konur voru notaðar sem heimilishjálpar, í nauðungarvinnu og í vændi.

Sjá einnig skýrsluna „*Trafficking in Persons Report*“ frá utanríkisráðuneytinu á <https://www.state.gov/trafficking-in-persons-report/>.

### c. Bann við barnaprælkun og lágmarksvinnualdur

Lögin leggja bann við alvarlegustu tilfellum barnaprælkunar og kveða á um lágmarksvinnualdur, þar með talið takmarkanir á vinnutíma, öryggi í starfi og heilbrigðisráðstafanir fyrir börn. Stjórnvöld framfylgdu viðkomandi lögum. Viðurlög voru hæfileg til að aftra brotum.

Samkvæmt lögum mega börn sem eru 13 og 14 ára gömul stunda störf af léttara tagi í allt að 12 klukkustundir á viku og að hámarki tvær klukkustundir á dag utan formlegs skólatíma á skólaárinu og í allt að 35 klukkustundir á viku eða að hámarki sjö klukkustundir á dag í skólafríum. Þeim er ekki heimilt að vinna á milli kl. 20:00 og 06:00. Börn á aldrinum 15–18 ára sem eru ekki í skóla mega vinna allt að 40 klukkustundir á viku og að hámarki átta klukkustundir á dag, en ekki á milli kl. 22:00 og 06:00. Lögin takmarka vinnutíma barna sem ganga í skóla við 12 klukkustundir á viku og að hámarki tvær klukkustundir á dag á skólaárinu en þau mega vinna í allt að 40 klukkustundir á viku og að hámarki átta klukkustundir á dag í skólafríum. Þau mega ekki vinna á milli kl. 20:00 og 06:00. Börn sem eru yngri en 18 ára mega ekki sinna störfum sem eru líkleg til að vera of krefjandi fyrir þau, líkamlega eða andlega; störfum sem er líklegt að geti valdið varanlegu heilsutjóni; störfum þar sem þau geta orðið fyrir hættulegri geislun; störfum þar sem er slyshætta sem áætla má að börn og táningar eigi erfitt með að koma auga á vegna eftirtektarleysis, reynsluleysis eða skorts á þjálfun; eða störfum þar sem hætta er á að þau verði fyrir ofbeldi eða annarri tiltekinni hættu, nema þegar ungmennin starfa ásamt fullorðnum einstaklingum.

### d. Mismunun á vinnumarkaði

Stjórnarskráin og önnur lög banna slíka mismunun og kveða á um að dómstólar geti úrskurðað um sektargreiðslur við brotum. Í apríl 2018 samþykkti Alþingi löggjöf um jafna meðferð á vinnumarkaði. Hún tekur til kynþáttar, þjóðernisuppruna, aldurs, trúar, lífsskoðana, fötlunar, skertrar starfsgetu, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Lögin tóku gildi í september 2018 og stjórnvöld framfylgdu lögnum. 1. janúar voru jafnréttismál flutt úr velferðarráðuneytinu til forsætisráðuneytisins, sem ber vott um aukna áherslu ríkisstjórnarinnar á málaflokkinn.

Tilfelli um mismunun á vinnumarkaði komu upp. Í samræmi við lög sem tóku gildi í janúar 2018 geta einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og frjáls félagasamtök vísað málum til kærunefndar jafnréttismála, sem úrskurðar um mál tengd ráðningum og launum. Þrátt fyrir að lög kveði á um sömu laun fyrir sömu vinnu var 15 prósentu munur á launum karla og kvenna.

Nefnd Evrópuráðsins um kynþáttafordóma og umburðarleysi greindi frá því að erlendir byggingarverkamenn, jafnvel þeir sem voru faglærðir, hefðu venjulega verið ráðnir sem ófaglærðir starfsmenn og því fengið greidd lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningum. Í mars birti Hagstofa Íslands niðurstöður rannsóknar sem sýndi að laun erlends starfsfólks væru að meðaltali 8 prósentum lægri en laun íslensks starfsfólks í sambærilegu starfi.

Baráttufólk fyrir réttindum fatlaðra benti á að fatlað fólk ætti erfiðara með að fá vinnu en aðrir vegna fordóma og vegna þess að færri möguleikar, sérstaklega hlutastörf, væru í boði fyrir fatlað fólk.

#### **e. Viðunandi vinnuskilyrði**

Lögin tilgreina ekki lágmarkslaun. Samið var um lágmarkslaun í mismunandi almennum kjarasamningum sem eiga sjálfkrafa við um allt starfsfólk í viðkomandi atvinnugreinum, þar með talið erlent starfsfólk, óháð aðild að stéttarfélagi. Samningarnir geta ýmist náð til heillar atvinnugreinar, alls geirans og í einhverjum tilfellum verið bundnir við eitt fyrirtæki, en starfsheiti einstaklinga ræður launaflokki þeirra.

Lögin kveða á um að atvinnurekandi greiði yfirvinnukaup fyrir vinnu umfram átta tíma á dag og takmarki þann tíma sem starfsmanni er heimilt að vinna í að meðaltali 48 tíma á viku, að yfirvinnu meðtalinni, á fjögurra mánaða tímabili. Ekki er mikill munur á yfirvinnukaupi eftir stéttarfélögum en almennir kjarasamningar ákvarða skilmála til grundvallar greiðslu yfirvinnukaups. Lögin kveða á um 11 klukkustunda hvíldartíma starfsfólks á sólarhring og einn frídag á viku. Í sérstökum tilfellum mega atvinnurekendur minnka hvíldartímamann úr ellefu tímum í allt að átta tíma en þeir verða þá að bæta starfsfólkinu upp samsvarandi hvíldartíma síðar. Einnig má fresta frídegi starfsfólks en bæta verður hann upp með samsvarandi hvíldartíma innan 14 daga. Vinnueftirlitið fylgdist með og framfylgdi þessum reglum.



Lögin tilgreina reglur um heilbrigði og öryggi starfsfólks sem eiga við um helstu atvinnugreinar. Velferðarráðuneytið setti reglurnar og framfylgdi þeim fyrir tilstilli Vinnueftirlitsins, sem sinnti bæði frumkvæðiseftirliti og viðbrögðum við málum sem upp komu. Vinnueftirlitið getur lokað vinnustöðum sem uppfylla ekki reglur um öryggi og heilbrigði.

Vinnueftirlitið var ekki með nógu marga eftirlitsmenn í vinnu til að geta framfylgt reglunum á fullnægjandi hátt í öllum atvinnugreinum. Vinnueftirlitið lagði dagsektir á fyrirtæki sem fylgdu ekki fyrirmælum til að knýja þau til að bæta vinnuaðstæður. Dagsektir nægðu almennt til að draga úr brotum. Stjórnvöld veittu öllum launþegum, þar með talið í neðanjarðarhagkerfinu, almennt aðgengi að heilbrigðisþjónustu að ákveðnum hælisleitendum undanskildum.

Brot á reglum um laun, vinnutíma og yfirvinnu voru algengust í byggingariðnaði og ferðaþjónustu. Alþýðusamband Íslands greindi frá því að ungu fólki sem starfar í ferðaþjónustu og erlendu starfsfólki, sérstaklega karlmönnum í byggingariðnaði sem sumir voru óskráðir hér á landi, væru greidd laun undir lágmarkslaunum. Þrátt fyrir að brot á reglum um öryggi og heilbrigði væru framin í öllum atvinnugreinum voru þau algengust í byggingar- og matvælaíðnaði. Ungt starfsfólk og starfsfólk sem skildi ekki eða talaði íslensku og þekkti ekki reglur og reglugerðir landsins var líklegra til að starfa við hættuleg eða ósanngjörn vinnuskilyrði.